

Nefndasvið Alþingis
b/t umhverfis- og samgöngunefndar

Egilsstaðir, 13. apríl 2023

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um Land og Skóg.

Undirritaður hefur, f.h. Skógræktarinnar, komið að undirbúningi sameiningarinnar sem um ræðir í frumvarpinu frá upphafi. Að mínu mati endurspeglar frumvarpið það sem ákveðið var að gera og á þann hátt sem um hefur verið rætt. Ég legg því engar breytingar til á frumvarpinu.

Hins vegar er nauðsynlegt að vel verði vandað til verka á allan hátt. Bæði Skógræktin og Landgræðslan vinna að mikilvægum verkefnum, t.d. í þágu úrlausna í loftslagsmálum, sem þola illa tafir. Það er því afar brýnt að sameiningin takist vandræðalítið og raski þeirri vinnu sem minnst.

Ég er fús til að mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að svara spurningum sé þess óskað.

Virðingarfyllt



Þróstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri